

Borgarráð
31. júlí 2018

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir í húsnæðismálum

Samþykkt var á borgarstjórnarfundinum hinn 19. júní sl. að tillaga þessi yrði send inn í borgarráð en hún hefur enn ekki verið tekin fyrir á vettvangi borgarráðs. Lagt er til að skipuleggja lóðir á hagkvæmum svæðum, s.s. Örfirisey, BSÍ reitnum, Keldum og Úlfarsárdal. Gert verði ráð fyrir 6.000 íbúðum á þessum svæðum. Borgin beiti sér fyrir því að byggingarskilmálar verði með þeim hætti að kostnaður við byggingarnar verði í lágmarki. Þá beiti hún sér enn fremur fyrir því að afgreiðslutími skipulagssviðs og byggingarfulltrúa verði stytta umtalsvert frá því sem verið hefur. Á þessar lóðir verður ekki lagt sérstakt innviðagjald.

Greinargerð:

Í Reykjavík hefur orðið til húsnæðiskreppa á síðustu fjórum árum. Íbúar Reykjavíkur hafa flutt í önnur sveitarfélög í vaxandi mæli þrátt fyrir mikið hagvaxtarskeið. Til marks um það fækkaði á kjörskrá í Reykjavík um 354 manns. Húsnæðisverð hefur hækkað um 50% á síðustu fjórum árum. Í meirihlutasáttmálanum eru engin mælanleg markmið í lóðamálum. Til þess að mæta uppsafnaðri þörf er mikilvægt að fara í þessar aðgerðir strax.